

Sylvía Karen Heimisdóttir

From: Heiða Ösp Árnadóttir <heida@babubabu.is>
Sent: fimmtudagur, 30. apríl 2026 14:29
To: skeidgnup@skeidgnup.is; Sylvía Karen Heimisdóttir
Cc: Pétur Pétursson
Subject: Viðauki við fjárhagsáætlun 2026 BÁ
Attachments: 36 stjórn 30042026 Undirritað.pdf; Viðauki 2026 Fjárhagsáætlun BÁ samþykkt á aðalfundi 14.10.2025.pdf; Leiðbeiningar vegna bókunar vegna lántöku.docx; BÁ minnisblað, áhrif ráðninga.pdf

Góðan dag,

Á auka aðalfundi Brunavarna Árnessýslu, haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka 14. apríl síðast liðinn var samþykkt gera viðauka við fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu vegna ársins 2026.

Meðfylgjandi er uppfærð fjárhagsáætlun sem sendist hér til umfjöllunar og samþykktar í sveitastjórn. Einnig fylgir hér með minnisblað stjórnar Brunavarnar Árnessýslu vegna fjárhagslegra áhrifa uppfærðar fjárhagsáætlunar.

Í fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir lántöku að upphæð kr. 240.000.000.- vegna byggingar nýrrar slökkvistöðvar á Flúðum og vegna kaups á nýrri slökkvibifreið sem staðsett verður í Reykholti.

Stjórn Brunavarna Árnessýslu og Héraðsnefnd Árnesinga hafa samþykkt lántökuna, en þörf er á bókunum frá sveitastjórnnum allra eigenda BÁ.

Meðfylgjandi er tillaga að bókun til að senda á Lánasjóð sveitarfélaga sem við óskum eftir að verði tekin fyrir svo fljótt sem verða má. Óskum við eftir að fá bókunina senda á petur@babubabu.is um leið og hún hefur verið samþykkt.

Bestu kveðjur,
Heiða Ösp Árnadóttir

Brunavarnir Árnessýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
S:4 800 900
www.babubabu.is

